



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 14. fundur stjórnar KLÍ, 2008-2009
Staðsetning: Skrifstofu KLÍ
Hvenær: Fimmtudag, 6.11.08 kl. 17.30
Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) varaformaður
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Helga Sigurðardóttir (HS) varamaður
Ásgrímur Helgi Einarsson (AHE) varamaður
Boðuð forföll: Hörður Ingi Jóhannsson (HIJ) ritari
Árni Geir Ómarsson (AGO) meðstjórnandi.
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður
Fjarverandi:
Fundarritari: VG

Helstu mál: Olíuburður, starfsmaður, útbreiðsla, landsliðsmál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðustu funda.

Fundargerðir síðustu tveggja funda komu út 6 tímum fyrir fund og höfðu ekki allir náð að fara yfir þær. Samþykkt voru tilmæli til fundarritara að fundargerðir bærust innan 48 stunda frá fundi í framtíðinni.

2. Olíuburður.

Ekki var gerð athugasemd við tillögu tækninefndar varðandi breytingu á olíuburði í keiluhöllinni, hins vegar samþykkt tilmæli um að birta sama á vef KLÍ sem fyrst (strax).

3. Starfsmaður.

Eftir er að ganga frá ráðningarsamning við HIJ, hann verður erlendis til 17. Nóv. Starfslýsing liggur fyrir og stjórn fer fram á við starfsmann að hann haldi vinnuskýrslu, miðað er við að starfshlutfall verði um 25% og laun fyrir það um 75þús.

HIJ tekur innslátt deilda til vinnslu á þriðjudögum, en HS verður áfram með mánudagsskráningu – a.m.k. til að byrja með. HIJ er búinn að ræða við MBL um að birta úrslit úr deildum og annað (?) efni sem þeim verði sent.

Ef mótanefnd verður ekki búin að fara yfir bókanir með Keiluhöllinni þegar HIJ kemur heim aftur þá verður hann að grípa inni og fá heildardagskrá og fara yfir með húsinu.

4. Útbreiðsla

Útbreiðsluverkefni sem er í skólum á Reykjavíkursvæði og er unnið af HIJ og TÓ er á kostnað KLÍ að hluta, þ.e. einhver vinnulaun og eins akstur frá skólum í Keiluhöllina. Kostnaður vegna þessa verkefnis gæti hlaupið á allt að 100 þús pr mán í 4-5 mánuði a.m.k. okt, jan, feb og mars, eða allt að 500 þús.

5. Landsliðsmál

Verið er að skoða ráðningu landsliðsþjálfara fyrir KLÍ – verið er að tala um kostnað fyrir KLÍ uppá c.a. 5-600 þús fyrir utan hefðbundinn kostnað við ferðir ofl. Eftir er að ræða við kandidata en byrjað verður á því í næstu viku. Vonandi liggja meiri upplýsingar fyrir á næsta fundi.

Fundi slitið 18:45

Næsti fundur 13.11.08 kl. 17.30